



Ársskýrsla 2008-2009

Litla Lúðró

Altflauta	Jóhanna Kristín Guðjónsdóttir
Þverflauta	Björg Brimrún Sigurðardóttir
Klarinett	Anna Soffía Lárusdóttir
	Ásta Kristný J. Hjaltalín
	Guðrún Bergmann Agnarsdóttir
	Hermann Örn Sigurðarson
	Mikael Máni Jónsson
	Thelma Ólafsdóttir
Kornett	Haukur Páll Kristinsson
Slagverk	Jón Grétar Benjamínsson
	Jón Páll Gunnarsson

Breytingar í félagatalinu

- Helena Natalía Albertsdóttir, þverflauta, hætti sumarið 2008.
- Hallgerður Jónsdóttir, klarinett, hætti sumarið 2008.
- Björg Brimrún Sigurðardóttir, básúna, hætti sumarið 2008.
- Ásta Kristný J. Hjaltalín, klarinett, byrjaði í nóvember.
- Björg Brimrún Sigurðardóttir, altflauta, byrjaði í nóvember.
- Haukur Páll Kristinsson, kornett, byrjaði í nóvember.
- Jón Grétar Benjamínsson, trommur, byrjaði í nóvember.
- Jón Páll Gunnarsson, trommur, byrjaði í nóvember.
- Mikael Máni Jónsson skipti úr altflautu yfir á klarinett í nóvember.

Stóra Lúðró

Pverflauta	Aníta Rún Sæþórsdóttir Guðný Pálsdóttir Heiða Karen Bergmann Jóhanna Ómarsdóttir Sigrún Eir Þorgrímsdóttir Silja Kartín Davíðsdóttir
Klarinett	Guðrún Edda Reynisdóttir Hannes Gunnarsson Hafsteinn Sigurðsson, kennari Símon Karl Sigurðarson, fyrirlíði Sóley Riedel
Altsax.	Ingibjörg Soffía Oddsdóttir Kristín Benediktsdóttir
Tenorsax.	Bjarni Lárentsínusson Lilja Margrét Riedel
Kornett	Anna Lind Særúnardóttir Bryndís Inga Þorsteinsdóttir Rebekka Rán Karlsdóttir
Trompet	Elín Gunnarsdóttir Guðrún Erla Ólafsdóttir, fyrirlíði Hafsteinn Helgi Davíðsson Halldóra Kristín Lárusdóttir Leifur Harðarson
Franskt horn	Elín Sóley Reynisdóttir Margrét Hólmgeirsdóttir, fyrirlíði
Básúna	Hrefna Rós Lárusdóttir Jósep Blöndal
Baritónn	Lárus Á. Hannesson Sunna Þórey Jónsdóttir
Túba	Anna S. Melsteð Ágúst Ingi Guðmundsson
Píanó	Elín Inga Lárusdóttir (Páll Gretarsson "leysti af" í tónleikaferðalaginu)
Gítar	Andrea Kristín Pálsdóttir
Rafbassi	Benedikt Óskarsson
Slagverk	Eyþór Óskarsson Jón Viðar Pálsson (pákur) Kristófer Sævarsson Nökkvi Freyr Smáráson Baldur Orri Rafnsson, kennari Hildur Björg Kjartansdóttir (mallets), fyrirlíði

Breytingar í félagatalinu

- Árpóra Ingibjörg Álfgeirsdóttir, klarinett, hætti sumarið 2008.
- María Berg Hannesdóttir, altflauta, hætti sumarið 2008.
- Andrea Kristín Pálsdóttir tók við gítarnum haustið 2008.
- Sunna Þórey Jónsdóttir, básúna, færði sig úr Litlu Lúðró og upp í stóru. Fór seinna að læra á baritónhorn og skipti yfir í það í maí 2009.
- Haukur Hreinsson, slagverk, byrjaði haustið 2008, en hætti svo í desember.

Víkingasveitin

Þverflauta	Sigrún Eir Þorgrímsdóttir
Klarinett	Guðrún Edda Reynisdóttir Sóley Riedel
Altsax	Ingibjörg Soffía Oddsdóttir
Tenorsax	Lilja Margrét Riedel
Kornett	Anna Lind Særúnardóttir
Trompet	Guðrún Erla Ólafsdóttir Leifur Harðarson
Horn	Elín Sóley Reynisdóttir Margrét Hólmgeirsdóttir
Básúna	Hrefna Rós Lárusdóttir
Túba	Ágúst Ingi Guðmundsson
Píanó	Hildur Björg Kjartansdóttir
Gítar	Símon Karl Sigurðsson
Bassi	Benedikt Óskarsson
Trommur	Jón Viðar Pálsson

Trommusveit A

Tilraunastarf í vetur, að láta þau sem spila á hljóðfæri sem ekki henta í skruðgöngu æfa á slagverk til að geta tekið þátt í skruðgöngum t.d. á sjómannadag og 17. júní.

Andrea Kristín Pálsdóttir
Benedikt Óskarsson
Haukur Hreinsson (hætti í desember)
Hildur Björg Kjartansdóttir
Jón Páll Gunnarsson

Trommusveit B

Eyþór Óskarsson
Jón Viðar Pálsson (leiðari)
Kristófer Sævarsson
Nökkvi Freyr Smáráson

Ný hljóðfæri

- September 2008 – Tvö klarinett, Yamaha, keypt hjá Hljóðfærahúsinu
- Við áttum helming í baritónsaxofón, en nú (haustið 2008) hefur Bjarni Lárentínusson gefið okkur sinn helming, svo nú eigum við hann alveg. Saxofónninn er ennþá í viðgerð hjá Tríólu í Reykjavík og gengur illa að fá varahluti í hann.

Starfsárið 2008-09

27. ágúst – Fyrsta æfing haustsins hjá Litlu Lúðró

28. ágúst – Fyrsta æfing haustsins hjá Stóru Lúðró

Lúðrasveitin æfði klassískt prógram í haust og krakkarnir unnu sjálf tónlistarsöguverkefni sem tengdist tónverkunum sem leikin voru. Það fólst í því að kynna tónskáldin og tengja þau inn í hin ýmsu tímabil tónlistarsögunnar.

2. september – Fyrsta æfing hjá Trommusveit A

Jón Páll Gunnarsson, Haukur Hreinsson, Andrea Kristín Pálsdóttir, Hildur Björg Kjartansdóttir og Benedikt Óskarsson. Martin stjórnaði trommusveit A þennan vetur.

9. september – Fyrsta æfing haustsins hjá Víkingasveitini

Hugmyndin var að æfa ballprógram í vetur og spila lög eins og *Fjöllin hafa vakað*, *Lífið er yndislegt* og *Smoke on the Water*. Verkefnið féll síðar niður af ýmsum ástæðum, aðallega vegna tímaskorts og að erfiðlega gekk að finna söngvara.

10. – 12. október – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æft var fyrir hausttónleikana. Samæfing og tónlistarsaga á föstudag. Evgeny ("Jenni") Maveek, Lárus Pétursson, Baldur Rafnsson og Martin voru kennarar á laugardag.

Nokkur leiðinleg atvik urðu til að skemma stemminguna. Stolið var tveimur sundbolum úr töskum frammi á gangi og Elín Gunnarsdóttir slasaðist við leitina að þeim. Vegna þessara atvika voru haldnir fundir á sunnudag, en líka samæfing og tónleikar þar sem spilað var yfir lögina sem æfð voru: *Variations on a Theme by Mozart*, *Pachelbel's Canon*, *Firebird Suite – Finale* og *Chorale from Jupiter*.

12. október – Félagsfundur í lúðrasveitinni

Ræddar voru uppákomurnar á æfingabúðunum, stolnu sundbolirnir, slysið, reglur og refsingar. Þá var komið í ljós, að sem betur fer átti enginn í lúðrasveitinni sök á hvarfi sundbolanna.

12. október – Foreldrafundur

Rætt var um utanlandsferð, búningamál, fjáröflun, stolnu sundbolina, slysið, reglur og refsingar.

1. nóvember – Æfingabúðir hjá Litlu Lúðró

Æfingadagur hjá Litlu Lúðró heilan laugardag. Lagið *Candyfloss* var samið af hópnum. (Thelma, Guðrún Bergmann, Hermann Örn og Mikael Máni) Anna Soffía gat ekki verið með þessa helgi.

13. nóvember – Hausttónleikar

Litla Lúðró hélt tónleika í leikskólanum fyrir hádegi.

Hausttónleikar í Stykkishólmskirkju (LL og LS) Kynnir var Jóhanna Guðmundsdóttir.

Litla Lúðró spilaði:

Lúðrasveitin mín, Hann Tumi fer á fætur, Tveir filar, Sana Sananina og Candyfloss.

Stóra Lúðró spilaði :

Reneissance Suite – Tielman Susato

Pachelbel's Canon – Johann Pachelbel

Three Bach Miniatures – J.S. Bach

Variations on a Theme by Mozart – W.A. Mozart

Óðurinn til gleðinnar – Ludwig van Beethoven

Chorale from Jupiter – Gustav Holst

Bolero – Maurice Ravel

Firebird Suite – Finale – Igor Stravinsky

Öxar við ána – Helgi Helgason

14. nóvember – Skólatónleikar

Skólatónleikar fyrir GSS í Stykkishólmskirkju (LL og LS)

Efniskrá sú sama og 13. nóvember. Kynnir Jóhanna Guðmundsdóttir.

16. nóvember – 70 ár afmæli Snæfells

LS spilaði í íþróttahúsinu á 70 ára afmælishátíð UMF Snæfells. Við spiluðum m.a.

Draumur um Nínu, Pachelbels Canon og We Will Rock You.

19. nóvember – Nýliðar í Litlu Lúðró

Nokkrir nýliðar byrjuðu í Litlu Lúðró og við byrjuðum að æfa jólalög. Þeir sem byrjuðu voru; Björg Brimrún Sigurðardóttir (altflauta), Ásta Kristný J. Hjaltalín (klarinet), Haukur Páll Kristinsson (kornett), Jón Grétar Benjamínsson (trommur) og Jón Páll Gunnarsson (trommur). Mikael Máni Jónsson skipti úr altflautu yfir á klarinet.

20. nóvember – Jólalög

Við byrjuðum að æfa jólalög í Stóru Lúðró.

30. nóvember – Jólabasar

Jólabasar kvenfélagsins á Hótel Stykkishólmi. Litla Lúðró spilaði *Bráðum koma blessuð jólin og Bjart er yfir Betlehem*. Fleiri krakkar úr tónlistarskólanum tóku líka þátt og spiluðu einleik eða dúett.

5. desember – Jólatré

Tendrað var á jólatrénu frá Drammen og félagar úr stóru sveitinni sáu um tónlistarflutning. Löggin voru öll úr *”13 lög til jóla” (jólasamspilshefti útsett af Martin Markvoll – gefið út af SÍSL)*.

15. desember – Jólatónleikar í leikskólanum.

Litla Lúðró hélt jólatónleika í leikskólanum.

18. desember – Jólatónleikar tónlistarskólans

Jólatónleikar Tónlistarskólans í Stykkishólmskirkju.

Litla Lúðró spilaði *Bráðum koma blessuð jólin* og *Jólasveinar ganga um gólf*.

Víkingasveitin spilaði *Jólin eru að koma*.

Stóra Lúðró spilaði fyrst *Snjókorn falla* og svo *Jólin alls staðar* og *Krossfarasöngur miðaldanna (Fögur er foldin)* með Sigurð Pál Jónsson sem einsöngvara.

17. – 18. apríl – Æfingabúðir hjá Stóru Lúðró

Æft var föstudagskvöld og allan laugardag í tónlistarskólanum. Kennarar voru Hafsteinn Sig., Baldur Rafnsson og Martin. Frí á sunnudag vegna ferminga. Góð mæting og góður árangur.

20. apríl – Aukaæfing hjá Stóru Lúðró

23. apríl – Afmælistónleikar

Litla Lúðró hélt tónleika í leikskólanum kl. 11:00. Spilað var *Lúðrasveitin mín*, *Afmælissöngurinn*, *Nem Kuela*, *Á Sprengisandi*, *Candyfloss*, *We Will Rock You* og *Sultublús*.

Afmælistónleikarnir kl. 17:00 voru vel sóttir. Frítt inn og ókeypis kaffiveitingar í boði foreldrafélagsins.

Eyþór Benediktsson var kynnir. Allir skráðir félagar sveitarinnar léku með nema Kristín Benediksdóttir. Daði Þór Einarsson, fyrrverandi stjórnandi lúðrasveitarinnar lék með á baritonhorn.

Verið var að fagna 65 ára afmæli lúðrasveitarinnar og 45 ára afmæli Tónlistarskóla Stykkishólms. Einnig var þess minnst að lukkubangsinn okkar, hann Víkingur Arne Daði Birkir Pavel Guri Martin, er 30 ára á þessu ári (gefinn af Lúðrasveit Akureyrar árið 1979). Tveir félagar voru heiðraðir; Bjarni Lárentsínusson sem hefur leikið með sveitinni í 65 ár og Hannes Gunnarsson sem hefur verið með næstum því frá byrjun.

Trommusveit B (slagverksnemendur) spilaði *Eldhress*.

Trommusveit A+B (allir) spilaði *Rock 'n' Roll*.

Litla Lúðró spilaði

- *Lúðrasveitin mín (Stamp)*

- *Afmælissöngurinn*

- *Nem Kuela*

- *Á Sprengisandi*

- *Candyfloss*

Víkingasveitin spilaði

- *Just a Gigolo/I Ain't Got Nobody*

- *Sprautublús Hrefnu & Sprautublús Leifs*

- *Soul Bossa Nova*

Stóra Lúðro spilaði

- *Star Wars - Episode III, The Revenge of the Sith*
- *Blessuð sértu sveitin mín* (fyrsta lagið sem spilað var á fyrstu æfingunni 1944)
- *Salute to Louis Armstrong*
- *Take Five*
- *Kling, klang klukkan slær*
- *I skovens dybe, stille ro*
- *Krummi svaf í klettagjá*

24. apríl – Skólatónleikar

Kl. 11:30 fyrir GSS. Sama prógram og á afmælistónleikunum. Eyþór Benediktsson kynnir.

25. – 26. apríl – Tónleikaferðalag um Vesturland

Lagt af stað í rútu frá Tónlistarskólanum fyrir hádegi. Fyrstu tónleikarnir voru kl. 13:00 í hátíðasal FSÍ í Grundarfirði, næst var spilað í Ólafsvíkirkirkju kl. 17:00. Þá var ekið til Borgarness og gist í húsakynnum Tónlistarskóla Borgarfjarðar.

Á sunnudeginum var spilað kl. 13:00 í Borganeskirkju og kl. 17:00 í Tónbergi, sal Tónlistarskólans á Akranesi.

Keyptur var kvöldmatur bæði kvöldin í Borgarnesi, rúta frá Bílar og Fólk. Þátttakendur greiddu kr. 1.500 í þáttökugjald og komu með nesti. Fararstjórar voru Hafdís Björgvinsdóttir, Helga B. Marteinsdóttir, Guðný Pálsdóttir og Elín Pálsdóttir. Jóhanna Guðmundsdóttir sá um að kynna.

Flestir tóku þátt í ferðinni, en Anna Melsted, Jóhanna Ómarsdóttir, Jósep Blöndal og Bjarni Lárentínusson léku bara með á laugardag. Ágúst Ingi Guðmundsson, Hafsteinn Sigurðsson og Lárus Hannesson léku bara á sunnudag.

27. apríl – 1. maí – frí hjá Lúðrasveit Stykkishólms (LL, LS, VS og TS)

Eftir löng og ströng hátíðahöld var gott að fá frí í nokkra daga.

30. apríl – Vorvaka Emblu

Víkingasveitin spilaði þrjú lög: *Just a Gigolo/I Ain't Got Nobody*, *Sprautublús Hrefnu & Sprautublús Leifs*, ásamt *Soul Bossa Nova*.

4. maí – Heimsókn frá Lappeenranta

Lúðrasveit frá tónlistarskólanum í Lappeenranta, Finnlandi, hélt tónleika í Stykkishólmskirkju. Fyrst voru skólatónleikar kl. 10:00 með létt prógram, svo voru aftur tónleikar kl. 20:00, klassískt prógram. Frítt var inn og allir velkomnir.

Jóhanna skólustjóri fór í skoðunarferð með hljómsveitinni, fór m.a. í Bjarnarhöfn og Vatnasafnið, þar sem bæjarstjórinn tók á móti hópnum með léttri hressingu. Að því loknu heimsótti hópurinn tónlistarskólann og skoðaði húsnæðið okkar. Skildu gestirnir eftir smá gjafir og fullt af nammi og skoraði á okkur að koma nú fljótt í heimsókn til sín !!!

11. maí – Menningarlandið

Ráðstefna á vegum Menningarráðs Vesturlands og Menntamálaráðuneytisins á Hótel Stykkishólmi. Trommusveitin spilaði þrjú lög; *Samba, Eldhress og Rock 'n' Roll*.

12. maí – Menningarlandið

Ráðstefna á vegum Menningarráðs Vesturlands og Menntamálaráðuneytisins á Hótel Stykkishólmi. Víkingasveitin spilaði þrjú lög; *Just a Gigolo/I Ain't Got Nobody, Sprautublús Hrefnu & Sprautublús Leifs, ásamt Soul Bossa Nova*.

21. maí – Skólaslit Tónlistarskólans

Litla Lúðró spilaði tvö vinsælustu lög in í gegnum tíðina; *Lúðrasveitin mín og Sultublús*.

29. maí – Heimsókn frá Selfossi

Blásarasveit Árneseinga kom í heimsókn og hélt tónleika í sal Tónlistarskólans. Lúðrasveit Stykkishólms tók einnig þátt í tónleikunum. Að lokum spiluðum við lagið *Y.M.C.A.* saman.

4. júní – Hjálmar í heimsókn

Hjálmar Sigurbjörnsson sem sótt hefur um starf lúðrasveitarstjórnanda og málmblásturskennara kom í heimsókn ásamt konu sinni. Honum var sýnd aðstaðan í skólanum og fékk að heyra í lúðrasveitinni sem var að æfa fyrir 17. júní (gönguæfing). Einnig var honum sýndur bærinn og hugsanlegt húsnæði.

5. júní – Nýr stjórnandi

Hjálmar Sigurbjörnsson staðfesti umsókn sína og verður ráðinn til skólans frá og með 1. ágúst 2009.

7. júní – Sjómannadagur

Lúðrasveitin gat því miður ekki spilað á sjómannadagurinn. Af 40 félögum gátu bara 21 tekið þátt, og það var ákveðið að spila ekki með svo lítilli og illa skipaðri sveit.

13. júlí – Heimsókn frá Skólahljómsveit

Skólahljómsveit Vesturbæjar og Miðbæjar var hér í vorferð með stjórnanda sínum Lárusi H. Grímssyni og fleiri fararstjórum. Fékk að gista í skólastofum á vegum grunnskólans og geyma farangur á meðan þau fóru í Flatey. Nokkrir félagar úr sveitinni okkar æfðu með gestunum á laugardeginum og spilaði svo með á tónleikum í sal Tónlistarskólans.

15. júní – Þvottadagur

Þvottadagur var ”loksins” á mánudeginum 15. júní kl. 17-19. Flestir sem eru að læra á málmblástur eða slagverk komu og þrifu hljóðfærin sín.

16. júní – Lokaæfing og grillpartý.

Lokaæfing, fyrst trommuæfing og svo gönguæfing með öllum, líka Litlu Lúðró (sem bara labbaði með fremst í hópnum).

Eftir æfinguna hafði foreldrafélagið undirbúið glæsilega matarveislu í matsal grunnskólans við Borgarbraut þar sem allir lögðu eitthvað til veislunnar, mat eða eftirrétt. Þetta var um leið kveðjuhóf vegna brottflutnings Martins, sem fékk að skilnaði málverk eftir Láru Gunnarsdóttur, mynd sem hún málaði á tré af húsum sem m.a. má sjá út um gluggann á kennslustofu hans (niður Skólastíg).

17. júní – Þjóðhátíð

Mæting kl. 12 við Tónlistarskólann. Gengið í fararbroddi og spilað í skrúðgöngu kl. 13. Gengið var upp Skólastíg, Silfurgata t.v., niður Aðalgötu, Hafnargata og inn á hátíðarsvæðið á ”Plássinu” fyrir framan bókasafnið. Þar spilaði sveitin nokkur lög í upphafi hátíðahaldanna. Leikin voru lög *Öxar við ána, Madiba Jive, Blessuð sértu sveitin mín og Þjóðsöngurinn.*

Auk þess hefur...

- Litla Lúðró æft frá 14:00 - 14:45 á hverjum miðvikudegi.
- Stóra lúðró æft frá 16:44 - 18:30 á hverjum fimmtudegi.
- Trommusveit A (byrjendur) æft tvisvar á mánuði, á þriðjudögum kl. 19:00 - 20:00
- Víkingasveitin æft tvisvar í mánuði, á þriðjudögum kl. 19:00:00 - 20:00

Að lokum vil ég þakka kærlega fyrir mig sem lúðrasveitarstjóri og samstarfsmaður. Ég óska sveitinni alls hins besta í framtíðinni og vona að við sjáumst fljótlega aftur!

Martin Markvoll